

Samstarfssamningur Heimila og skóla (SAFT) og Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS)

1. gr.

Inngangur

Aðilar samnings þessa eru Heimili og skóli (SAFT), kt. 4210092-2229 og Póst- og fjarskiptastofnun (PFS), kt. 570397-2499. Tilgangur samningsins er að koma á formlegu samstarfi milli samningsaðila um uppsetningu hjálparlínu, gerð leiðbeiningaspjalds um góða starfshætti netþjónustuaðila og samræmingu heimasíðna SAFT og PFS, þ.e. www.saft.is og www.netoryggi.is.

2. gr.

Gildissvið samnings

Samningur þessi gildir um samskipti og samvinnu SAFT og PFS og um uppsetningu hjálparlínu, gerð leiðbeiningaspjalds um góða starfshætti netþjónustuaðila og samræmingu heimasíðna SAFT og PFS. Samningurinn myndar ramma um samskipti samningsaðila.

3. gr.

Markmið og hlutverk samningsaðila

Megintilgangur samningsins er skipuleg viðleitni til að afla, skapa og varðveita þekkingu um Netið og netöryggi og miðla henni til netþjónustuaðila og almennings. Í þágu sameiginlegra markmiða samningsaðila er með samningi þessum leitast við að nýta sem best sérþekkingu, kunnáttu, efnivið og aðstöðu þá sem samningsaðilar búa yfir.

4. gr.

Stjórnun og skipulag

Samningsaðilar fara hvor um sig með málefni sinnar stofnunar. Formaður Heimila og skóla er ábyrgðaraðili samningsins af hálfu SAFT. Forstjóri PFS er ábyrgðaraðili samningsins af hálfu PFS. Verkefnastjórar hjá SAFT og PFS munu sjá um framkvæmd verkefnis. Einn fulltrúi PFS mun sitja í stýrihóp SAFT.

5. gr.

Skilgreining og skipulag verkefna

a) Uppsetning hjálparlínu

Undirbúningur að uppsetningu hjálparlínu er þegar hafin í samstarfi SAFT, PFS og Barnaheilla. Frumdrög gera ráð fyrir að hjálparlínan verði tilbúin í byrjun september 2007. Sameiginlega munu þátttakendur svara almennum fyrirspurnum og setja á sérstaka heimsíðu hjálparlínu. Ekki verður einstökum fyrirspurnum svarað heldur munu svör verða sett fram með almennum hætti á vefsíðu hjálparlínunnar. Gera skal sérstakan samning um hjálparlínuna þar sem eignarhald og umráðaréttur aðstandenda hennar yfir starfsemi hennar og gagnagrunni til lengri tíma er tryggður. Nánari skilgreiningu hjálparlínu má finna í fylgiskjali.

b) Gerð leiðbeiningaspjalds um góða starfshætti netþjónustuaðila til birtingar á vefsíðum samstarfsaðila og netþjónustufyrirtækja.

Í febrúar 2008 mun hefjast vinna við gerð leiðbeiningaspjalds um góða starfshætti netþjónustuaðila. Leitað verður eftir samstarfi allra netþjónustuaðila um ákveðnar starfs- og siðarreglur. M.a. verður gengið út frá þeim reglum sem Póst- og fjarskiptastofnun mun setja netþjónustuaðilum skv. lögum nr.39/2007 – Lög um breytingu á lögum um fjarskipti nr. 89/2003. Útbúið verður sérstakt spjald sem verður gert notendum aðgengilegt á Netinu. Þeir þjónustuaðilar sem gangast að þeim leiðbeiningum í sinni þjónustu munu hljóta viðurkenningu frá SAFT og PFS. Gert er ráð fyrir að afrakstur vinnunnar verði kynntur í maí 2008.

c) Samræming heimasíðna SAFT og PFS

Við undirritun samnings munu verkefnastjórar SAFT og PFS vinna með markvissum hætti að því að samræma upplýsingar sem finnast á heimasíðunum www.saft.is og www.netoryggi.is. Markmið verkefnisins er að samnýta upplýsingar frá hvorum aðila fyrir sig og gera þær aðgengilegar almenningi með skilmerkilegri flokkun og uppsetningu. Uppfærslum hvorrar síðu fyrir sig verður fundinn farvegur og/eða tilvísun á hinn heimasíðunni.

6. gr.

Áfanga- og lokaskýrslur um ofangreind verkefni

SAFT mun gefa Póst- og fjarskiptastofnun skýrslu um stöðu og framgang ofangreindra verkefna þrisvar á samningstímabilinu. Skal áfangaskýrslum skilað þann 30. september 2007, 1. apríl 2008 og lokaskýrslu þann 30. september 2008.

7. gr.

Gildistími

Samningurinn, sem tekur gildi við undirritun, gildir til 30. september 2008.

8. gr.

Fjárhagslegur stuðningur

Póst- og fjarskiptastofnun styrkir SAFT um 2.500 þús. kr. á árinu 2007. Styrknum er ætlað að fjármagna hlut PFS í uppsetningu á hjálparlínu, gerð leiðbeininga um góða starfshætti netþjónustuaðila og til samræmingar á vefsíðu PFS um örugga netnotkun fyrir almenning; www.netoryggi.is og heimasíðu SAFT.

Styrkurinn skal greiddur eftir framvísun reikninga í tveimur jöfnum hlutum: 1.250.000 Íkr við undirritun samnings og 1.250.000 Íkr þann 30. september 2007 þegar fyrstu áfangaskýrslu hefur verið skilað.

Gert í Reykjavík, 16. maí 2007

F.h. Heimila og skóla
María Kristín Gylfadóttir

F.h. Póst- og fjarskiptastofnunar
Hrafnkell V. Gíslason